

Ályktun um innviðagjöld

70. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið í félagsheimilinu í Hnífsdal, 16. og 17. september 2025, skorar á stjórnvöld að endurskoða núverandi fyrirkomulag innviðagjalds á skemmtiferðaskip og fella leiðangursskip aftur undir undanþágu frá tollum, til að tryggja að gjaldtakan verði ekki til þess að veikja samkeppnisstöðu hafna enn frekar í alþjóðlegu samhengi og draga úr skipakomum. Innviðagjald og afnám tollfrelsis og undanþágu frá virðisaukaskatti hafa þegar haft afleiðingar og bitna hvað harðast á minni höfnum.

Greinagerð:

Samkvæmt stefnu stjórnvalda um ferðaþjónustu er eitt af markmiðunum að stuðla að dreifingu ferðamanna um land allt. Innviðagjöld og afnám tollfrelsis á skemmtiferðaskip og leiðangursskip stangast á við hana og koma til með að fækka viðkomustöðum á jaðarsvæðum á borð við Vestfirði. Á undanförunum árum hafa skemmtiferðaskip og minni leiðangursskip verið mikilvægur þáttur í atvinnu- og verðmætasköpun á Vestfjörðum.

Eftir að innviðagjaldið var tekið upp, hafa bókanir dregist saman og fyrirséð er að þeim fækki enn meira í ljósi þess að skipafélög muni fækka viðkomustöðum. Slíkar álögur munu draga verulega úr umferð farþegaskipa og tekjumöguleikum fyrir hafnir, sérstaklega á landsbyggðinni. Gjaldtaka þarf að vera fyrirsjáanleg og innleidd í þrepum.

Þessar breytingar munu hafa mikil áhrif á hafnir sem hafa fjárfest í aðstöðu og innviðum til að taka á móti þessum skipum með öruggum hætti. Þróunin hefur og mun leiða til tekjutaps fyrir hafnir og ríkissjóð og skerðingar á atvinnu og verðmætasköpun á svæðinu, sem grefur undan samkeppnishæfni og dregur úr möguleikum til að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf á jaðarsvæðum.